



Borgarráð

Stýrihópur um Elliðaárdal

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að erindisbréfi stýrihóps um Elliðaárdal. Óskað er eftir því að borgarráð staðfesti skipun þeirra einstaklinga í hópinn sem fram koma í bréfinu sem og skipi fulltrúa frá minnihlutanum í stýrihópinn. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að vinna að tillögu í samráði við helstu hagsmunaaðila, um mótvægisáðgerðir í kjölfar tæmingar lóns Árbæjarstíflu sem horfi m.a. til fuglalífs, annarrar náttúru og mannlífsins í dalnum. Einnig verði gerð tillögur um framtíðarumhverfi svæðisins kringum Árbæjarstíflu og framtíð hennar nú þegar raforkuframleiðsla hefur verið hætt. Þá er hópnum ætlað að gera tillögur að forgangsörðun innviða til útivistar sem og framkvæmda tengdu bættu aðgengi á grundvelli nýs deiliskipulags og stöðu Elliðaárdals sem verndaðs svæðis, borgargarðs. Leiðarljós hópsins er að hafa hagsmuni lífríkisins og útivistar að leiðarljósi enda Elliðaár og dalurinn allur einstök náttúru- og útivistarperla.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Erindisbréf - Stýrihópur um Elliðaárdal - drög.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um Elliðaárdal

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Elliðaárdalurinn er borgargarður, þjóðgarður í borg, skv. skilgreiningu í aðalskipulagi. Nýtt deiliskipulag stækkar þau svæði sem eru hverfisfriðuð og kveður á um ýmsar umbætur varðandi innviði og útivist. Elliðaárdalur eitt stærsta græna svæðið innan þéttbýliskjarna Reykjavíkur. Hann er jafnframt eitt vinsælasta svæðið til útivistar, leikja og íþróttaiðkunar af ýmsu tagi. Dalurinn einkennist af fjölbreyttu umhverfi, landslagi og gróðurfari en þungamiðjan eru Elliðaárnar sem dalurinn er kenndur við. Á næsta ári eru 100 ár síðan Elliðaár voru virkjaðar 1921 og er Árbæjarstífla frá þeim tíma. Rafmagn hefur ekki verið unnið í Elliðaárvirkjun síðan 2014. Á veturna hefur verið fyllt upp í lónið og það sett á yfirfall en tæmt á vorin og þá fyllt upp í svokallaðan andapoll. Í lok október s.l. tæmdu starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur lónið fyrir ofan Árbæjarstíflu, í samráði við Hafrannsóknastofnun sem hefur lagt til að komið verði á náttúrulegu rennsli í gegnum stífluna. Það hefur vakið upp margvíslega umræðu, m.a. um endanlegan frágang á svæðinu, eðlilegar mótvægisáðgerðir, skil Orkuveitunnar við dalinn eftir að nýtingu vatnsafls hefur verið hætt o.s.v.frv.

Hlutverk:

Mikilvægt er að framfylgja þeirri verndun Elliðaárdals sem felst í aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi og skilgreina hvaða verkefni leiða af hvoru tveggja, skilgreina hver þeirra eru brýnust og gera tillögu um framkvæmdaröð. Sérstök áhersla verður á útivistargildi dalsins og verndun merkilegra náttúrusvæða. Við tæmingu Árbæjarlóns var einkum horft til lífkerfis árinna og laxastofnsins sérstaklega. Við mótum mótvægisáðgerða er ekki óeðlilegt að horfa einnig til fuglalífs, annarrar náttúru og mannlífsins í dalnum. Umræða hefur einnig sprottið fram um þann möguleika að fjarlægja Árbæjarstíflu sem er hætt að þjóna hlutverki sínu. Stíflan er friðuð og mikilvægt að eiga gott samráð og svara öllum lykilsurningum áður en ákvarðanir eru teknar í því efni. Fleiri álitamál tengjast því að nýting vatnsafls hefur liðið undir lok í dalnum og við hæfi að svara þeim spurningum á 100 ára afmæli Elliðaárvirkjunar sem er á næsta ári. Leiðarljós hópsins er að hafa hagsmuni lífríkisins, útivistar og mannlífs að leiðarljósi enda Elliðaár og dalurinn allur einstök náttúru- og útivistarperla.

Helstu verkefni:

- Framsetning á valkostum með mótvægisáðgerðum þar sem horft er til endurheimt lífríkis í ljósi þess að Árbæjarlón hefur verið tæmt.
- Gera tillögur um hvort Árbæjarstífla verði fjarlægð þar sem rafmagnsvinnsla hefur verið aflögð sem og fallþípa frá stíflunni niður að Elliðaárstöð og eftir atkvikum annarra minja um orkuvinnslu í Elliðaárdal.

- Gera tillögur að brýnustu framkvæmdum og innviðum útivistar skv. nýju deiliskipulagi um Elliðaárdal.
- Hvernig aðgengi fyrir alla verði tryggt á útivistarsvæðum, brúm og gönguleiðum í dalnum.
- Hvernig eftirliti, umsjá og reglubundinni vöktun verði háttáð, m.a. í ljósi þess að Elliðaárdalur er skilgreindur sem borgargarður.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Porkell Heiðarsson, formaður íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts (formaður).

Formaður skipulags- og samgönguráðs.

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður íbúaráðs Breiðholts.

Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi.

Björn Gíslason, borgarfulltrúi.

Brynhildur Davíðsdóttir, stjórnarformaður OR.

Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihópsins:

Snorri Sigurðsson, verkefnastjóri á umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á, þmt hjá Íbúaráðum Árbæjar og Breiðholts, Hollvinasamtökum Elliðaárdalsins og Stangveiðifélagi Reykjavíkur.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 31. maí 2021.

Reykjavík, 12. nóvember 2020

Dagur B. Eggertsson